

Veðurstöð Plus
pöntunar-nr. : 2074 00

notkunnarleiðbeining

1 Öryggisleiðbeiningar




Eingöngu faglærðir rafvirkjar mega sjá um uppsetningu og tengingu rafmagnstækja.


Komið getur til alvarlegs líkamstjóns, eldsvoða eða eignatjóns. Lesið leiðbeiningarnar vandlega og farið eftir þeim.

Þessar leiðbeiningar eru hluti af vörunni og verða að fylgja með til neytandans.

2 Tækjalýsing



mynd 1: Sýn



mynd 2: Séð neðan frá

- (1) Skynjarahaus
- (2) Festiskrúfa
- (3) Festiarmur
- (4) Nemi fyrir sólargeislun
- (5) Úrkomumælir
- (6) Ljós- og rökkurskynjarar
- (7) Festing fyrir festiarm með Bus-tengi
- (8) Rakastigsmælir
- (9) Vindhraða- og vindáttamælir
- (10) Hitaskynjari
- (11) Stýrivængur
(aðeins þegar búnaðurinn er settur upp á mastri)

3 Aðgerð

Kerfisupplýsingar

Þetta tæki er vara úr KNX-kerfinu og uppfyllir allar kröfur og reglur KNX. Staðgóð fagþekking sem aðeins fæst á KNX-námskeiðum er nauðsynleg til að skilja virkni tækisins.

Verkun tækisins er háð þeim hugbúnaði sem notaður er. Nákvæmar upplýsingar um slíkan hugbúnað og vinnslu mismunandi útgáfa hans er að finna í gagnabanka framleiðandans. Undirbúningur, uppsetning og notkun tækisins má aðeins fara fram með KNX-vottuðum hugbúnaði. Gagnabanki um framleiðsluvörur okkar ásamt tæknilegum lýsingum á þeim er ávallt uppfærður og tiltækur á vefsetri okkar.

Rétt notkun

- Mæling og úrvinnsla á veðurgögnum: vindhraða, vindátt, úrkomu, birtustigi, sólargeislun, rökkri, hitastigi, rakastigi og loftþrýstingi
- Til uppsetningar utan á byggingum, helst á þaki eða framhlið
- Nota þarf sérstakan spennugjafa (sjá aukabúnað)

Eiginleikar tækis

- Innbyggður GPS/GLONASS-móttakari til að ákvarða staðsetningu sjálfkrafa
- Reiknar út frekari veðurupplýsingar: algildisraka, skynjað hitastig, þægindi
- Eiginleiki til að stýra myrkvun
- Innbyggð tenging við KNX-Bus
- Söfnun og úrvinnsla veðurgagna, eftirlit með hámarksgildum
- Hugbúnaðareiningar til að tengja saman atvik
- Innbyggð kynding

- i** Mæld gildi eiga við fyrir uppsetningarstað. Gögnin kunna að vera frábrugðin gögnum frá öðrum veðurþjónustum, t.d. vegna staðbundinna truflana eða vindáttar.

4 Upplýsingar fyrir faglærða rafvirkja



HÆTTA!


Raflost ef komið er við spennuhafa hluti hjá uppsetningarstað.

Raflost getur verið banvænt.


Áður en unnið er við tækið skal taka strauminn af og breiða yfir nálæga spennuleiðandi hluti!

4.1 Uppsetning og tenging við rafmagn


Val á uppsetningarstað



mynd 3: Lágmarksfjarlægð frá yfirborðsflötum



mynd 4: Gætið þess að vatn skvettist ekki á



mynd 5: Hámarksþyngd á festiarmi

Velja skal uppsetningarstað með tilliti til þess að hindranir eða skuggavarp, s.s. tré, skorsteinar eða markísur, hafi ekki truflandi áhrif á veðurstöðina. Skynjararnir verða að geta greint vind, regn og birtustig án hindrana. Gætið þess að setja búnaðinn ekki upp í skjóli frá vindi, þar sem um skuggavarp er að ræða eða þar sem ljós endurkastast.

Best er að setja búnaðinn upp á frístandandi mastri. Ef búnaðurinn er settur upp á húsvegg er einkum hætt á því að mæling á vindi og birtustigi skili röngum niðurstöðum.

Ekki má setja tækið upp fyrir neðan eða við hlið byggingarhluta þaðan sem vatn getur lekið á það.

Við val á uppsetningarstað skal gæta þess að hægt sé að komast að veðurstöðinni.

Ef um flatt þak er að ræða skal reyna að setja veðurstöðina upp eins nálægt miðju þaksins og kostur er.


Lágmarksfjarlægð niður á fleti undir veðurstöðinni: 0,6 m (mynd 3). Annars geta vatnsskvettur skemmt nemana á neðraborði (mynd 4).

Beint sólarljós, skorsteinar eða annar útblásturs- eða loftræstibúnaður hefur áhrif á mælingu hitastigs.

Notist ekki nálægt fjarskiptasendum. Það veldur truflunum.

i Ekki má tengja meira en þrjár veðurstöðvar í sömu KNX-línu.

Veðurstöðin sett upp án festiarms á frístandandi mastri




mynd 6: Uppsetning án festiarms á frístandandi mastri

Notið mastur með <25 mm ytra þvermáli og >19 mm innra þvermáli.

- Setjið meðfylgjandi stýrivængi (11) á þar til ætlaða reiti við hliðina á tenginu (7).
- ❗ Ef veðurstöðin er ekki skorðuð af með stýrivængjunum þegar hún er sett upp á mastri helst hún ekki nægilega stöðug til þess að hægt sé að mæla vindáttina rétt.
- Leiðið rafmagnsleiðslu í gegnum mastrið.
- Festið sjö póla klóna við tengið (7). Herðið hringinn með skrúfganginum með að hámm. 0,5 Nm átaki.
- Setjið veðurstöðina á mastrið og réttið hana af. Festiskrúfan (2) verður að vísa í norður.
- Herðið festiskrúfuna (2) með að hámm. 0,6 Nm átaki.

Veðurstöðin sett upp með festiarmi á mastri eða vegg




mynd 7: Uppsetning með festiarmi

Komið meðfylgjandi festiarmi fyrir á viðeigandi mastri eða vegg.

Meðfylgjandi hosuklemmur henta fyrir mastur sem er allt að 60 mm að þvermáli.

- ❗ Ef búnaðurinn er settur upp á festiarminum sem fylgir með skal ekki setja meðfylgjandi stýrivængi á.
- Uppsetning á mastri: Festið festiarminn við mastrið með hosuklemmunum sem fylgja með.
- Uppsetning á vegg: Festið festiarminn á vegginn með því að skrúfa viðeigandi skrúfur í borgötin (mynd 8).
- Leggið rafmagnsleiðsluna eftir neðanverðum festiarminum og leiðið sjö póla klóna í gegnum opna rörstútinn á enda festiarmsins.
- Festið sjö póla klóna við tengið (7). Herðið hringinn með skrúfganginum með að hámm. 0,5 Nm átaki.
- Setjið veðurstöðina á festiarminn og réttið hana af. Festiskrúfan verður að vísa í norður.
- Herðið festiskrúfuna með að hámm. 0,6 Nm átaki.
- Leggið rafmagnsleiðsluna inn í raflagnarör í gegnum strenginntakið.



mynd 8: Festiarmur – mál fyrir borgöt


Tækið sett upp og tengt

- Tengið Bus-leiðsluna og ytri spennugjafann við rafmagnsleiðsluna.

rauður	KNX+
svartur	KNX-
appelsínugulur	AC/DC 24 V ~/+
brúnn	AC/DC 24 V ~/-

- i** Skynjarahausinn hleypir ljósi í gegnum sig. Af þessum sökum má ekki líma eða skrifa neitt á skynjarahausinn.

Réttið tækið af




mynd 9: Veðurstöðin stillt af

- Stillið skynjarahausinn af miðað við höfuðátt eða – allt eftir aðstæðum á hverjum stað – eftir því hvernig húsveggurinn snýr (mynd 9).

4.2 Fyrsta notkun

Tækið tekið í notkun



mynd 10: Staða forritunarljóss og tungusnertu

- Tengið brautarspennuna.
- Setjið rafstrauminn á.
- Haldið meðfylgjandi forritunarsegli upp að innbyggðu tungusnertunni (12).
Forritunarljósið (13) gefur forritunarstöðu til kynna með bláu ljósi.
- Sláið inn raunvistfangið og hlaðið vinnsluhugbúnaðinum inn í tækið.
- Skrifið raunvistfangið á límmiðana neðan á tækinu.
Tækið er tilbúið til notkunar.

5 Viðauki

5.1 Tæknilýsing

Orka	AC 24 V SELV ($\pm 10\%$)
Málspenna	DC 21 ... 32 V SELV
Málspenna	100 ... 400 mA
Straumnotkun	(fer eftir veðri)
Öryggisflokkur	III
Tengileiðsla	
Gerð leiðslu	LiYCY 4xAWG26
Leiðslulengd	5 m
Heildarlengd hverrar línu	15 m
Fjöldi veðurstöðva	hám. 3 (á línu)
KNX	
KNX-miðill	TP
Byrjunarhamur	S-hamur
Málspenna KNX	DC 21 ... 32 V SELV
Straumnotkun KNX	hám. 5 mA
Umhverfisskilyrði	
Umhverfishitastig	-30 ... +60 °C
Geymslu-/flutningshitastig	-25 ... +70 °C
Tegund varnar	IP 44 (í notkunarstöðu)
Hús	
Mál Ø×H	130×68 mm
Þyngd	ca. 230 g
Vindáttamælir	
Mælisvið	1 ... 360°

Upplausn	1°
Nákvæmni	± 10 ° (Lagstreymi)
Vindhraðamælir	
Mælisvið	ca. 0 ... 40 m/s
Upplausn	0,1 m/s
Nákvæmni (≤ 10 m/s)	± 1 m/s
Nákvæmni (>10 m/s)	± 5 %
i Nákvæmni sem ferningsmeðaltal yfir 360°.	
Hitaskynjari	
Mælisvið	-30 ... +60 °C
Upplausn	0,1 K
Nákvæmni	± 1 K (vind > 2 m/s, fyrir -5 ... +25 °C)
Úrkomumælir	
Mælisvið	Já / nei
Nákvæmni	fíngerður úði
Birtuskynjarar	
Fjöldi	4
Mælisvið	ca. 0 ... 150 klx
Upplausn	1 klx
Nákvæmni	± 3 %
Róf	475 ... 650 nm
Rökkurskynjari	
Mælisvið	ca. 0 ... 900 lx
Upplausn	1 lx
Nákvæmni	± 10 lx
Lofþrýstingsmælir	
Mælisvið	300 ... 1100 hPa
Upplausn	0,01 hPa
Nákvæmni	± 0,5 hPa (20°C)
Rakamælir	
Mælisvið	0 ... 100 % raki
Upplausn	0,1 % raki
Nákvæmni	± 10 % raki (20°C)
Algildisraki	0 ... 400 g/m³
Upplausn	0,01 g/m³
Sólargeislun	
Mælisvið	0 ... 1300 W/m²
Upplausn	1 W/m²
Nákvæmni	± 10 %
Róf	350 ... 1100 nm

i Allar upplýsingar um nákvæmni eiga við um viðkomandi endagildi mælisviðs.

5.2 Aukabúnaður

Spennugjafi

pöntunar-nr. 1024 00

5.3 Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar. Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Elektro-Installations-
Systeme

Industriegebiet Mermbach
Dahlienstraße
42477 Radevormwald

Postfach 12 20
42461 Radevormwald

Deutschland

Tel +49(0)21 95 - 602-0
Fax +49(0)21 95 - 602-191

www.gira.de
info@gira.de